

## Innihald beiðna til inntökuteymis geðrofsmeðferðar: Geðrofsteymi og Samfélagsgeðteymi

Inntökuteymi fer yfir allar beiðnir sem berast til teymanna.

Við gerð beiðna til inntökuteymis geðrofslínu skal tilgreina eftirfarandi atriði á beiðnum. Miklu máli skiptir að beiðnir séu unnar vel og með þeim upplýsingum sem skipta máli fyrir mat teymanna. Teymið getur vísað illa unnum beiðnum frá og óskað eftir viðeigandi upplýsingum áður en teymið tekur að sér að skoða málið nánar. Vert er að benda á að einstaklingurinn sem óskað er eftir þjónustu fyrir er áfram á ábyrgð beiðenda/tilvísanda meðan beiðnin er óafgreidd. Teymið er ekki meðferðarteymi. Hér að neðan eru leiðbeiningar fyrir fagaðila, hvaða upplýsingar skulu vera á beiðni.

Viðmiðanir:

- Grunur um geðrofssjúkdóm og/eða staðfest greining (F20-F29)

ATH: Ef einstaklingur er á aldrinum 18-35 ára skal senda beiðni í **Matsteymi Laugarássins**

### Almennar upplýsingar

- Nafn, aldur, kyn, hjúskaparstaða, búseta og framfærsla
- Félagsleg staða og nám/atvinna
- Sjúkdómsgreiningar
- Heimilislæknir og heilsugæsla
- Sjálfræði/lögræði

### Staðan:

- Hvert er vandamálið?
- Hversu lengi hefur það staðið yfir? Fyrri innlagnir eða aðrar íhlutanir?
- Ítarleg skýring á geðrofseinkennum og hugsanlegum neikvæðum einkennum.
  - Hvers konar geðrofseinkenni, ítarleg lýsing.
  - Upphaf þeirra, hvernig þau byrjuðu og hvenær
  - Þróun einkenna
  - Áhrif á færni, virkni, samskipti – aðrar afleiðingar einkenna.
- Meðferð nú?
  - Lyfjameðferð
    - Hvað hefur verið reynt/prófað og hvernig hefur það gengið.
    - Hvaða geðrofslyf/jafnvægislyf hafa verið prófuð?
  - Aðrar íhlutanir
- Neyslusaga
  - Hvaða efni, hversu mikið og lengi
  - Einkenni í tengslum við neyslu

- Hafa geðrofseinkenni verið til staðar á edrútímum, hversu lengi?
- Meðferðir?
- Bakgrunnur/forsaga
  - Geðsaga viðkomandi
  - Geðlyfjasaga
  - Geðsaga í fjölskyldu
  - Líkamlegt heilsufar
  - Önnur meðferð eða þjónusta sem viðkomandi hefur fengið, t.d. sálfræðimat, þroskamát, einhverfumát, þjónustumiðstöðvar o.s.frv.
- Hvers er óskað eftir frá teymi?
  - Hvers konar þjónustu óskar þjónustuþegi eftir?
    - Er þjónustuþegi tilbúinn að mæta á göngudeild?
    - Hver eru markmið eftirfylgdarinnar?
    - Væntingar þjónustuþega?
  - Hvers vegna er þörf á þriðju línu þverfaglegri þjónustu?
  - Hvaða íhlutun óskar tilvísandi eftir?
    - Sálfræðimeðferð
    - Íhlutun iðjubjálfa
    - IPS
    - Aðstandendastuðning
    - Vitræn endurhæfing
    - Lyfjaeftirfylgd
    - Forðalyfjagjöf
  - Aðkomu hvaða faghópa er verið að óska eftir